

# Fréttabréf AFLs

3. tbl. 2020

Dreift um allt Austurland

Ábyrgðarmaður: Sverrir Albertsson



## 1. maí ávarp AFLs

# Ómissandi fólk

Í annað sinn á 12 árum gengur íslensk þjóð í gegnum hrun í atvinnulífi. Áður óþekktar tölur atvinnuleysis eru staðreynd og atvinnulífið hefur verið meira og minna stopp í fleiri vikur. Í þetta sinn er kreppan ekki af „mannavöldum“ heldur vegna viðbragða við sjúkdómi. Í fyrra skiptið var kreppan algerlega af mannavöldum og skýrðist helst af græðgi og siðblindu í viðskiptalífínu – ekki bara hér á landi heldur víða um heim.

Þetta verður því í annað sinn á stuttum tíma sem íslenskt launafólk axlar byrðar af efnahagshruni – fyrst með kjaraskerðingu og atvinnumissi og svo næstu ár með því að borga kostnaðinn við björgunaraðgerðirnar.

Í annað sinn á 12 árum gengur íslensk þjóð í gegnum hrun í atvinnulífi. Áður óþekktar tölur atvinnuleysis eru staðreynd og atvinnulífið hefur verið meira og minna stopp í fleiri vikur. Í þetta sinn er kreppan ekki af „mannavöldum“ heldur vegna viðbragða við sjúkdómi. Í fyrra skiptið var kreppan algerlega af mannavöldum og skýrðist helst af græðgi og siðblindu í viðskiptalífínu – ekki bara hér á landi heldur víða um heim.

Þetta verður því í annað sinn á stuttum tíma sem íslenskt launafólk axlar byrðar af efnahagshruni – fyrst með kjaraskerðingu og atvinnumissi og svo næstu ár með því að borga kostnaðinn við björgunaraðgerðirnar.

### Ríkið ákallað þegar bjátar á

Ríkisstjórnin talar þessa dagana eins og að peningar séu um það bil að fara úr tísku – veittir er styrkir til beggja handa til fólks og fyrirtækja – en aðallega fyrirtækja. Skiljanlega eru flestir ánægðir með styrkina en allir vilja meira og telja ríkisvaldið eiga að ganga lengra.

Fyrirtæki sem aldrei hafa greitt tekjuskatt – sækja nú styrki í skattfé almennings. Fyrirtæki sem alltaf hafa samkvæmt bókhaldi sínu verið rekin með tapi – teljast nú lífvænleg fyrirtæki og fá fjárhagsaðstoð. Á sama tíma situr fólk heima launalaust og án bóta, af því leikskólarnir lokuðu.

Það fólk getur ekki lengur stundað vinnu.

Framtakssamir athafnamenn sem hafa í orði og æði trúað á einstaklingsframtakið og einstaklingsfrelsið og beitt sér harkalega gegn hvers kyns samhjálp og félagslegum úrræðum – standa nú fremstir í röð með útréttar hendur og þiggja ríkisstyrki. Það er ágætt út af fyrir sig en við megum engu gleyma.

### Engin siðbót eftir hrun

Á haustmánuðum 2008 fluttu fulltrúar AFLs Starfsgreinafélags tillögu til kjaramálaályktunar á Alþýðusambandsþingi þar sem við kröfðumst þess að aðkoma launafólks að enduruppbyggingu efnahagslífsins væri skilyrt siðferðilegri endurskoðun í viðskiptalífi.

Sú tillaga okkar fékk ekki brautargengi og nánast allir þingfulltrúar voru farnir að undirbúa kvöldskemmtunina þegar tillaga okkar var endanlega afgreidd í ruslið. Það er því ekki bara við þáverandi forystu Alþýðusambandsins að sakast – heldur þingfulltrúa á þinginu sem hefðu getað veitt okkur stuðning, en kusu að gera það ekki.

Þessi krafa á ekki síður rétt á sér nú en þá – því við virðumst öllu gleyma og ekkert læra. Við erum aftur farin að sjá yfirstéttina þjóta upp í kjörum sem eru eins og á annarri plánetu en almenningsur býr á. Og þegar á bjátar leggja menn árar í bát og kalla á ríkisvaldið til aðstoðar

Ísland á að sjálfssögðu heimsmet í fjölda bankareikninga á aflandseyjum og svo mætti áfram telja. Það varð engin siðferðleg yfirbót í hruninu – menn bara sýndu okkur sparisvipinn í nokkur ár.

### Samstöðukórinn

Við sjáum núna hverjir eru „ómissandi starfsmenn“. Það er auðvitað heilbrigðisstarfsfólkið en ekki síður okkar félagsmenn sem vinna oft erfið, einhæf og illa launuð störf. Fólk sem almennt nýtur ekki mikillar viðurkenningar hjá viðsemjendum okkar er nú lykilmál. Það er fólkið sem þrífur heilbrigðisstofnanir, flytur vörur og afgreiðir okkur í verslunum. Nú er það lykilmál.



Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, formaður AFLs, ávarpar samkomu félagsins á 1. maí.

En það eru aðrir – herra settir og betur launaðir – sem sitja heima í stofu í sjálfskipaðri sóttkví og pósta svo á samfélagsmiðla einhverju gítargauli og samstöðufrösum. Við erum öll í þessu saman er viðkvæði þeirra sem sitja heima – verndaðir fyrir smitberum og með launin gulltryggð.

Á sama tíma upplifir ræstingafólkið á sjúkrahúsunum, flutningabílstjórnarnir eða ruslakallarnir ekki þessa „samhygd“. Það fólk þarf nefnilega að mæta í vinnuna og láta hósta yfir sig, ausa yfir sig skömmum og yfirhöfuð ganga til sinna verka. Það er fólkið sem hefur þungar áhyggjur af afkomunni því það er ekkert afgangum um mánaðamótin til að mæta verðbólguþykki eða aukinni skattbyrði. Og svo vofir atvinnuleysisóttinn alltaf yfir. Við biðum eftir sama samstöðukórnum þegar kemur að skuldadögum.

### Hverjir munu borga ríkisaðstoðina?

Sem þjóð munum við auðvitað komast í gegnum þennan skafl og við munum byggja upp það sem hrynur og brotnar. En það verður ekki ókeypis. Styrkirnir og aðstoðin sem nú er verið að veita er ekki ókeypis.

Við vitum af reynslunni að íslenskt launafólk og skattgreiðendur munu þurfa að greiða allan herkostnaðinn. Það verður því mikið ábyrgðarhlutverk að fara

fyrir kjarasamningum næstu ár því við þurfum að gæta að því að byrðinni verði dreift af réttlæti. Íslenskir auðmenn þurfa að axla sinn skammt og ríflega það. Við þurfum líka að gæta að því að ekki taki við enn frekari niðurskurður til heilbrigðisþjónustu og annarra félagslegra þátta í samfélaginu.

Ef við viljum draga einhvern lærdóm af þessu ástandi – hlýtur hann að vera að sum störf eru stórlega vanmetin hvað mikilvægi varðar og laun – og það þarf að lagfæra. Við sjáum líka að aðeins opinber heilbrigðisþjónusta er fær um að takast á við svona áskoranir og það sýna einnig dæmin um heim allan. Það þarf því að snúa tafarlaust af einkavæðingarbraut heilbrigðisþjónustunnar og efla almenna þjónustu.

Íslenskt launafólk þarf að læra af þessum hamförum og við megum engu gleyma. Við verðum að muna hvaða fyrirtæki fengu ríflega aðstoð og í framhaldinu hljótu við að gera kröfur um að þau komi sér upp varasjóðum í stað þess að greiða út arð. Þessi faraldur er ekki sá síðasti sem mun banka upp á.

Við getum skapað betra samfélag ef við viljum – en það dugur ekki að tuða á samfélagsmiðlum. Við þurfum að standa saman – annars breytist ekkert.

## Lífið eftir faraldurinn

# Hvað breytist nú?

Sérhver kreppa hefur á einhvern hátt breytt framleiðsluháttum. Eftir bankahrunið reis deilihagkerfið, að lokinni síðari heimsstyrjöld mynduðust þéttbýlin. Sú kreppa sem covid-19 faraldurinn hefur kallað yfir heimsbyggðina mun breyta hagkerfinu – spurningin er hvernig.

Hið augljósasta er að benda á að fjarfundir og fjarvinnsla verði tíðari. Kannanir hafa sýnt fram á óþol fólks gagnvart tímafrekum ferðum í og úr vinnu. Fyrirtæki sjá sér einnig kost í að spara í ferðalögum.

Tæknin hefur verið til, margir nýttu hana en þeir voru á jaðrinum. Nú breyttist viðhorfið. Framkvæmdastjóri Austurbrúar lýsti því í grein að allt í einu hefði ekki verið neitt mál að halda fundi í gegnum fjarfundabúnað sem ekki kom til greina að gera áður. Meira að segja Háskóli Íslands gat allt í einu kennt í fjarnámi!

Fjarvinnan getur gefið dreifbýlinu tækifæri. Tilslakanir á kröfunni um að mæta á vinnustaðinn opna á að búa fjær vinnustaðnum. En það eru líka ógnanir, eftir er að sjá hvort allar þær flugferðir sem flytja ferðamenn til og frá áfangastöðum komist strax á lagginnar aftur ef vel borgandi fólki í viðskiptaerindum fækkar. Fluginu hefur áður verið spáð hamförum, eftir árásirnar á tvíburaturnana, en rétti fljótt úr kútnum og rúmlega það. Vonandi verður það svo fyrir ferðamannalandið Ísland.

Þrjár ferðir á dag milli Egilsstaða og Reykjavíkur eru þó ekki sjálfgefnar strax aftur. Þótt vissulega komi ekkert í stað þess að hittast augliti til auglitis er líklegt að þau tilefni verði valin af meiri kostgæfni en áður.

Sumir hafa það mun betra heima hjá sér, aðrir halda ekki einbeitingu. Skrifstofan leggst ekki af en starfsfólk getur mögulega frekar valið hvar það vinnur. Rannsóknir sýna að það eykur bæði afköst og ánægju.

### Styrkir við landbúnað

Ferðalögin ráðast einnig af því hvenær landamæralokunum linnir á ný. Þegar veiran gerði vart við sig ruku jafnvel ríki, sem talin höfðu verið meðal þeirra frjálsslyndustu, til og lokuðu að sér. Trúlega var sú aðgerð til að geta haft stjórn á atburðum innan eigin svæðis og koma í veg fyrir að fólk kæmi gagngert til landanna til að nýta sterk heilbrigðiskerfi.

En þegar einn er lokaður inni lokast annar úti. Meðal þeirra voru



Opinber heilbrigðisþjónusta hefur sannað sig í faraldrinum. Mynd: GG

starfsmenn í landbúnaði, einkum í grænmetisframleiðslu, því margar hendur þarf til að rífa aspasinn upp úr jörðinni og tína vínberin af viðnum. Landamæralokanirnar leiddu einnig til þess að erfiðara var að koma vörum milli landa, héraendis óttuðust kaupmenn skort á grænmeti.

Til þessa höfðu þeir frekar heimtað óheftari innflutning en ríkisstuðning við innlenda framleiðslu! Meðal þeirra sem talað hafa um að ríki þurfi framvegis að geta treyst meira á eigin landbúnaðarframleiðslu, með styrkjum, er Macron Frakklandsforseti.

Hér á landi er nú verið að setja af stað átak til auka framleiðslu í landbúnaði og þá sérstaklega framleiðslu á grænmeti. Því er viðbúið að innlend framleiðsla eflist á þessu ári en spurning er hvernig mönnum mun takast að viðhalda stöðu sinni.



Ekki er tryggt að strax aftur verði þrjár ferðir í bði á dag milli Egilsstaða og Reykjavíkur. Mynd: GG

### Önnur framleiðsla

Fólk hefur víða um heim vaknað upp við að framleiðslan er að miklu leyti farin frá „velmegunarlöndunum.“ Ríkustu og tæknivæddustu ríki heims eru ekki einu sinni sjálfbær í framleiðslu á einföldum hlífðarbúnaði. Við höfum öll kallað á mikið fyrir lítið í mörg ár - sem þýðir að framleiðslan færir til landa með lágan launakostnað og jafnvel hörmulega stöðu launafólks - allt til að við getum fyllt fataskápana af fötum sem við notum sjaldan og lítið. En við viljum alltaf meira og meira og fyrir lítið.

Fyrirtækin sækjast einnig í að hámarka gróða sinn - eða „gæta að samkeppnisstöðu“ - eins og það heitir á góðum dögum og ná miklu meiri álagningu á flik sem saumuð er fyrir lítil vinnulaun í Bangladesh en seld á fullu verði hér á landi.

Þannig eru gömlu iðnríkin varla sjálfbær um sjálfsögðustu hluti og treysta á óheft aðföng frá fátækum ríkum. Því má búast við að ríki heims fari að huga að meiri sjálfbærni í framleiðslu og jafnvel að tollamúrar fari að rísa á nýjan leik.

### Heilbrigðisþjónustan

„Heimurinn hefur breyst síðustu vikur. Fyrri ákvarðanir byggðust á vissunni um að við gætum flutt þessar vörur auðveldlega inn þótt þær væru framleiddar langt í burtu. Forgangur okkar nú er að framleiða meira í Frakklandi og Evrópu,“ sagði Frakklandsforseti.

Hann hyggst efla fjárfestingu í opinbera heilbrigðiskerfinu. Líklegt er að fleiri séu á þeim buxunum. Hérlandis hefur verið bent á að fjárfesting í eflum viðbúnaði og uppfærðum viðbragðsáætlun í kringum svínafleusuna skili sér nú. Annars staðar hefur faraldurinn afhjúpað hvernig stjórnvöld hafa vanrækt heilbrigðiskerfið.

Það hefur komið rækilega í ljós að aðeins opinber heilbrigðisþjónusta er fær um að leysa verkefni af þessari stærðargráðu. Því eru það klár skilaboð um að beina fjármunum inn í opinbera heilbrigðiskerfið. Þeir fjármunir nýtast betur þar heldur en þegar þeir eru greiddir út sem arður af einkareknum læknamíðstöðvum.

En faraldurinn gæti breytt fleiru í heilbrigðisþjónustunni. Sérfræðingar hafa nýtt sér fjarskiptatækni til að bjóða þjónustu sína. Landsspítalinn þróaði covid-19 göngudeild, þar sem hjúkrunarfræðingar hringja í sjúklinga. Hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands forgangsraða hjúkrunarfræðingar öllum þeim sem vilja fá tíma hjá lækni.

Aukin þróun í „fjarheilbrigðisþjónustu“ gæti þannig bætt og aukid þjónustu við fólk á landsbyggðinni. Gagnvirki hugbúnaðurinn, sem notaður hefur verið af göngudeildinni, hefur skilað góðum árangri og líklegt er að hann verði þróaður áfram til að nota við göngudeildareftirlit með fólki sem glímur við aðra sjúkdóma.

### Skarð í persónuvernd

Þríeykið hefur síðustu vikur hamrað á öllum Íslendingum að sækja smitakningarforritið og fullyrta að það sé löglegt gagnvart öllum persónuverndarreglum. Það er rétt, eins langt og það nær.

Forritið er ekki einsdæmi, víðar um heim hafa yfirvöld gert slík forrit til að geta tekist á við faraldurinn. En smitakningin er ekki alls staðar samkvæmt



Evrópskir grænmetisbændur hafa verið í vandræðum með vinnuafli út af lokunum landamæra. Mynd: GG

evrópskum persónuverndarlögum. Meðal þess sem Singapúrur beittu til að stöðva faraldurinn þar í byrjun var smitrakning í gegnum eftirlitsmyndavélar og andlitsgreiningartækni. Gagnasöfnun yfirvalda um einstaklinga gæti snaraukist í faraldrinum og orðið varanleg og mögulega mun fólk setta sig við einhverja miðlæga gagnasöfnun í framtíðinni – með vísan til „almannaheilla“.

Íslenskir fjölmiðlar hafa sannað mikilvægi sitt í faraldrinum, svo mjög að allt í einu var ekkert mál að samþykkja ríkisstuðning við þá, málefni sem staðið hafði í Alþingi mánuðum saman. En það er sagt að aldrei eigi að láta góða krísu fara til spillis.

Því miður hafa stjórnvöld víða um heim notað þessa krísu til að herða tókin á almenningi og ótrúleg þrá margra til að stjórna „sannleikanum“ hefur brotist út í takmörkuðu tjáningarfrelsi, skorðum við starfsemi fjölmiðla og þvingunum á vísindamenn. Stjórnvöld á Íslandi völdu að hafa allt uppi á borðum og fela embætti sóttvarnalæknis og landlæknis auk almannavarna að stjórna aðgerðum. Fyrir það ber að þakka.

## Erfiðleikar í Evrópusamstarfi

Hvað með efnahag ríkja? Evrópusambandið hefur boðað „Marshall-áætlun“. Hagfræðingar hafa bent á að nauðsynlegt sé að norðurríki sambandsins, sem almennt standa betur fjárhagslega, þurfi að koma þeim veikari, einkum Ítalíu, til hjálpar þegar ósköpin verða afstaðin. Annars sé samstarfinu hætta búin.

Ítalskir Evrópuandstæðingar sjá sér þegar leik á borði og þorri þjóðarinnar upplifir að hún hafi verið skilin eftir vinalaus þegar faraldurinn

fór af stað. Lokun ytri landamæra Evrópu og tilurð „Evrópuvirkisins“ er trúlega eina merkið um samstöðu innan ESB síðustu vikunnar.

Og kannski munum við horfa öðruvísi á umhverfið okkar eftir faraldurinn. Síkin í Feneyjum eru loks hrein, Indverjar sjá Himalayjaföllin og sérfræðingar hafa bent á tengsl milli dauðsfalla af völdum veirunnar við svæði þar sem andrúmsloftið er mengað. Hugudustu sérfræðingarnir hafa þorað að orða að samdráttur í mengun í Wuhan hafi bjargað fleiri mannlífum heldur en veiran tók.

Það sem Darwin meinti þegar hann sagði að þeir hæfustu lifðu af var að það væru þeir sem best aðlagust breytingum. Nú reynir á mannkynið að nýta þessa krísu til góðra verka og aðlagast nýjum veruleika. Þessi veira verður ekki sú síðasta sem hrellir okkur.



Hve mikla gagnasöfnun mun fólk setta sig við í þágu almannaheilla?

## Hlutabætur og spöruð laun

Eftir að tilkynnt var um stuðning samfélagsins til fyrirtækja, með því að skapa skilyrði til að gera samkomulag við starfsmenn um lækun á starfshlutfalli tímabundið og að greitt yrði frá ríkinu á móti, hafa komið upp alls konar útgáfur af misnotkun á úrræðinu.

Mest hefur verið fjallað um þau fyrirtæki sem hafa sagt upp ráðningarsamningum við starfsmenn samhliða samkomulaginu, en slíkt er óheimilt enda markmiðið að ráðningarsamband haldist.

Einnig höfum við dæmi um að ætlast sé til þess af starfsmönnum að þeir vinni áfram umfram það starfshlutfall sem um var samið.

Mikið kapphlaup varð hjá fyrirtækjunum að komast í þetta úrræði og varð fjöldi þeirra sem það nýta margfalt meiri en gert hafði verið ráð fyrir. Víða er því búið að skerða þjónustu, jafnvel þar sem síst skyldi s.s. í apótekum, byggingavörverslunum og víðar. Í mörgum tilfellum eru viðbrögð fyrirtækjanna nánast óskiljanleg enda ekki minna álag á t.d. apótek en í venjulegu árferði.

## Atvinnuleysi

Í kjölfar lokana fyrirtækja og nánast frost í ferðamannageiranum hefur atvinnuleysi aukist hröðum skrefum á Austurlandi – þó svo að aðrir landshlutar verði jafnvel enn verr úti. Í lok mars var um 3,3% almennt atvinnuleysi – sem er kannski ekki svo langt frá almennri árlegri sveiflu, sérstaklega ef tekið er tillit til loðnubrests – en þá bættust við rösk 3% í skertu starfshlutfalli á móti hlutabótum.

Þegar tölur fyrir apríl eru skoðaðar má búast við að atvinnuleysi á félagssvæði AFLs verði allt að 13% í apríl – þá bæði hefðbundið atvinnuleysi og umreiknaðar hlutabætur. Vonir standa til að atvinnuleysi fari svo aðeins minnkandi og fari niður í

10 – 11% í maí.

Austurland kemur að mestu ekkert sérstaklega illa út úr þessum hremmingum samanborið við Suðurnes, Suðurland og höfuðborgarsvæðið en þar er að öllum líkindum upp undir og jafnvel yfir 20% atvinnuleysi sem stendur.

Atvinnuleysi á Austurlandi er þungt á Hornafirði og þar fyrir sunnan þar sem mikil ferðaþjónusta er, en einnig á Djúpavogi, Borgarfirði Eystri og Vopnafirði. Minnst eru áhrifin í Fjarðabyggð, Fljótsdalshéraði og á Seyðisfirði en engu að síður má búast við um 10% atvinnuleysi á þessum stöðum í apríl en síðan fer það vonandi lækandi.

## Kjaramál í uppnámi?

Í síðasta fréttabréfi var yfirlit yfir umsamdar launahækkningar sem tóku gildi um síðustu mánaðamót.

Töluverður þrýstingur hefur verið á stéttarfélögin innan ASÍ um að fresta hækkunum í ljósi stöðunnar á tímum Covid-19. Sá þrýstingur beinist fyrst og fremst að þeim sem starfa á almenna markaðnum en nær ekki til þeirra sem starfa hjá ríki eða sveitarfélögum.

Sama má segja um hugmyndir Samtaka atvinnulífsins um tímabundna lækun á iðgjöldum launafólks til uppsöfnunar lífeyrisréttinda. Hvoru tveggja hefur verið hafnað og ljóst að slíkt er ekki til umræðu á þessu stigi.

Ýmsum flötum hefur verið velt upp, svo sem hugmyndum um frýstingu sem nær yfir allt samfélagið og nái þá líka til hækkana á vöru og þjónustu, en ekki virðist vera áhugi fyrir því.

Samningaviðræðum við Alcoa Fjarðaál hefur verið frestað þar til síðsumars og hægt gengur í viðræðum milli sjómanna og útgerðarmanna, en báðir þessir kjarasamningar eru lausir.

Þá hefur komið fram að mögulega verður forsendubrestur á „lífskjarasamningunum“ með haustinu og því unnt að segja honum upp. Það er kannski bordleggjandi að ekki verða sóttar stórar kjarabætur til fyrirtækja sem liggja í sárum eftir rekstrarstöðvanir þessa árs – en þá gæfist verkalyðshreyfingunni kærkomið tækifæri til viðræðna við stjórnvöld um nauðsynlegar samfélagslegar aðgerðir til að tryggja að launafólk eitt borgi ekki brúsann af aðgerðum sumarsins heldur verði einnig gerðar nauðsynlegar og réttlátar breytingar víðar í samfélaginu.


# Ástandspunktur á svæði AFLs Starfsgreinafélags

Sjúkrasjóður AFLs Starfsgreinafélags stendur vel og ekki er ástæða til að hafa áhyggjur af því að yfirstandandi Covid-19 faraldur muni leggja óhóflegar byrðar á sjóðinn. Hins vegar má búast við verulegum samdrætti í iðgjöldum til sjóðsins á tímabilinu frá mars

og fram eftir sumri þar sem ekki eru greidd sjúkrasjóðsiðgjöld af atvinnuleysisbótum jafnvel þó viðkomandi félagsmaður kjósi að greiða félagsgjald.

AFL hefur, eins og velflest önnur Alþýðusambandsfélög, látið félagsgjaldið renna til sjúkrasjóðs

– eða með öðrum orðum látið félagsmenn njóta fullra réttinda í sjúkrasjóði á meðan á atvinnuleysi stendur.



## Nokkuð um laus orlofshús

Úthlutun orlofshúsa er lokið og nú er unnið í biðlistum. Það er hægt að sjá á orlofssíðu AFLs á [www.asa.is](http://www.asa.is) hvaða tímabil eru ennþá laus og hægt er að senda tölvupóst á [gunnar@asa.is](mailto:gunnar@asa.is) og óska eftir lausu tímabili. Þegar kemur fram í maí verða laus tímabil sett á netið og „fyrstur kemur fyrstur fær“.

## Tilvalið að skreppa norður eða suður

Orlofsíbúðir AFLs hafa aldrei í áratugi verið jafn auðfengnar og nú. Síðustu fjórar vikur hafa alltaf staðið lausar íbúðir og auðvelt er að bóka í þær. Það er því tilvalið fyrir þá sem kvarta yfir því að erfitt sé að fá íbúð nema með löngum fyrirvara, að bregða sér nú af bæ.

## Aukið framboð á menntastyrkjum

Menntasjóðir sem AFL á aðild að, s.s. Landsmennt, Sveitamennt, Ríkismennt og Sjómennt auk Menntasjóðs verslunarmanna, hafa hækkað hámark styrkuppþæða og aukið framboð á styrkhæfu námi. Það er því full ástæða að hvetja félagsmenn sem eru í hlutastarfi þessa dagana til að kynna sér reglurnar og framboðið á heimasíðu sjóðanna [www.landsmennt.is](http://www.landsmennt.is) og [www.starfsmennt.is](http://www.starfsmennt.is).

## Fundum frestað

Vegna samkomubannsins hefur nokkrum árvissum fundum verið frestað. Þannig var fulltrúaráðsfundi Stapa Lífeyrissjóðs frestað svo og aðalfundi. Þá hefur AFL frestað aðalfundi félagsins og verður hann boðaður þegar aðstæður verða til – í ljósi samkomubanns.

## Endurgreiddar orlofsleigur

Sjúkrasjóður AFLs Starfsgreinafélags stendur vel og ekki er ástæða til að hafa áhyggjur af því að yfirstandandi Covid-19 faraldur muni leggja óhóflegar byrðar á sjóðinn. Hins vegar má búast við verulegum samdrætti í iðgjöldum

til sjóðsins á tímabilinu frá mars og fram eftir sumri þar sem ekki eru greidd sjúkrasjóðsiðgjöld af atvinnuleysisbótum jafnvel þó viðkomandi félagsmaður kjósi að greiða félagsgjald.

AFL hefur, eins og velflest

önnur Alþýðusambandsfélög, látið félagsgjaldið renna til sjúkrasjóðs – eða með öðrum orðum látið félagsmenn njóta fullra réttinda í sjúkrasjóði á meðan á atvinnuleysi stendur.

## Kjarasamningar eru í gildi

Allir kjarasamningar félagsins eru í fullu gildi og Covid-19 faraldurinn hefur engin áhrif á þá. Nokkuð hefur verið um að fyrirtæki hafi gripið til aðgerða sem ekki standast kjarasamninga og hefur félagið átt viðræður við þau. Oftast hefur tekist að snúa málum í réttan farveg en ennþá eru nokkur mál í ferli og þau snúa þá aðallega

til sjóðsins á tímabilinu frá mars og fram eftir sumri þar sem ekki eru greidd sjúkrasjóðsiðgjöld af atvinnuleysisbótum jafnvel þó viðkomandi félagsmaður kjósi að greiða félagsgjald.

Í þeim tilfellum hefur vinnutíma verið breytt og oft án samráðs við starfsfólk eða félagið. Við hefðum frekar kosið að notuð hefðu verið ákvæði aðalkjarasamnings sem heimila vinnustaðasamninga

með frávikum frá hefðbundnum vinnutímareglum – en slíka samninga þarf að afgreiða í atkvæðagreiðslu á vinnustöðum.

Búast má við einhverjum eftirmálum þar sem launafólk mun sækja rétt sinn til að fá fyllt upp í dagvinnutímajölda.

## Hlutabætur og uppsagnir

Margir félagsmenn eru nú án vinnu eða hafa gengið frá samkomulagi við vinnuveitanda um tímabundna lækkun á starfshlutfalli og fá á móti greitt frá atvinnuleysistryggingasjóði það sem upp á vantar. Þetta var hluti af fyrsta aðgerðapakka ríkisvaldsins vegna Covid-19 faraldursins. Markmið þessa ákvæðis var að reyna að vernda ráðningarsamband launafólks við fyrirtækið – þannig að fólk héldi launum, eða ákveðnu hlutfalli af launum, og gæti þannig beðið þess að atvinnulífið tæki við sér og þá með atvinnu.

Ásókn í þetta úrræði varð miklu meira en reiknað var með. Úrræðið gildir til loka maí og

hefur ekki verið tekin ákvörðun um framlengingu þegar þetta er skrifað. Nokkuð hefur borið á „misnotkun“ á þessu úrræði þannig að fyrirtæki hafa sagt upp fólki sem þegar er búíð að staðfesta skert starfshlutfall.

Um þetta stóðu nokkrar deilur og Samtök atvinnulífsins og fulltrúar Alþýðusambandsins höfðu uppi ólíkar túlkanir á þessu ákvæði. Eftir að félagsmálaráðherra og Vinnumálastofnun funduðu með báðum aðilum skar svo Vinnumálastofnun úr með rétta túlkun – þ.e. að óheimilt væri að beita þessu ákvæði á uppsagnarfresti.

AFL hafði í kjölfarið samband við nokkur fyrirtæki og voru

uppsagnir ýmist dregnar til baka eða ákvæðinu sagt upp og viðkomandi teknir inn á launaskrá fyrirtækjanna á uppsagnarfresti.

Allir starfsmenn með 400.000 krónur eða lægri meðallaun á mánuði eiga að halda óskertum tekjum með því að nota úrræðið en þeir sem hafa laun yfir 400.000 lenda í skerðingu.

Það kom stjórnvöldum í opna skjöldu hversu margir komu á þetta úrræði og einnig að langflestir komu inn á 25% vinnu og 75% bætur.